

Nd.

570. Nefndarálit

[188. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 59 frá 20. nóv. 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í nóvembermánuði s. l. var samþykkt á Alþingi lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar um innlent ríkislán að upphæð allt að 75 millj. kr., og var ákveðið í lögum, að lánið skyldi vera vísitölutryggt. Skuldabréf fyrir hinu nýja láni seldust upp á skömmum tíma, og kunnugt er, að meginhluti þess fjár var tekinn út úr bönkum og sparisjóðum. Síðan þetta gerðist eru liðnir fjórir mánuðir, og nú leggur ríkisstjórnin fyrir Alþingi frumvarp um að tvöfalda lántökuheimildina frá í nóvember. Samkvæmt því á að taka nýtt 75 millj. króna lán til viðbótar hinu fyrra og með svipuðum kjörum.

Um nokkur undanfarin ár hafa þær kvaðir verið lagðar á banka og sparisjóði að leggja hluta af innlánsfé sínu inn á bundinn reikning í Seðlabankanum. Um síðustu áramót voru þessar bundnu innstæður í Seðlabankanum orðnar samtals 1098.1 millj. kr. og höfðu aukizt á árinu 1964 um 300 millj. kr. Enn fremur hafa verið gerðir sérstakir samningar við bankana um að verja 10% af sparifjárukningu sinni til kaupa á ríkisskuldabréfum og ríkistryggðum skuldabréfum á þessu ári eins og tvö undanfarin ár. Þegar þess er gætt, að skuldabréf ríkissjóðs frá í nóvember s. l. voru nær eingöngu keypt fyrir fé, sem tekið var úr bönkum og sparisjóðum, og allar líkur benda til, að svo muni einnig verða að því er umrædda viðbótarlánsfjáröflun snertir, er sýnt, að slík lagasetning til viðbótar fyrrnefndum kvöðum muni stórkostlega rýra hlut viðskiptabankanna og sparisjóðanna í landinu og gera þeim torvelt að gegna því hlutverki, sem Alþingi hefur falið þeim.

Við flytjum því breytingartillögu við frv. um það, að ekki skuli aukið við frysta féð í Seðlabankanum eftir 1. júlí n. k.

Um ráðstöfun lánsins frá í nóvember fengum við eftirfarandi upplýsingar:

Innlent lán ríkissjóðs 1964

75 millj.

Þegar ráðstafað:

Ríkisspítalar	kr.	2 250 000.00
Ennisvegur	—	3 000 000.00
Múlavegur	—	2 000 000.00
Landshöfn, Rífi	—	9 300 000.00
— Njarðvík	—	4 500 000.00
Raforkusjóður	—	5 000 000.00

Kr. 26 050 000.00

Ráðstafað fljótlega:

Raforkusjóður	—	9 000 000.00
Jarðboranir	—	7 000 000.00

Kr. 42 050 000.00

Biður ráðstöfunar skv. áætlun

Kr. 75 000 000.00

Kjör seldra spariskírteina.

Lánstími mest	10 ár
meðtaltalsvextir	7.2% p.a.
byggingarvísitala í des. 1964 220 stig, marz—júni 1965 237 stig.	
Útlánskjör sama fjár alveg sambærileg ofanskráðu þ. e.	
lánstími mest	10 ár
vextir	7.5% p.a.
byggingarvísitölukvöð.	

Að því er snertir ráðstöfun væntanlegs láns skv. frv., sem hér liggur fyrir, segir í athugasemdum þess, að í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkissjóðs fyrir yfirstandandi ár þurfi að afla nokkurs lánsfjár til ýmissa framkvæmda. Fjárhagsnefnd fékk eftirfarandi upplýsingar um fyrirhugaða skiptingu lánsfjárins:

Til rafveitna	9 millj. kr.		
— hafna	29	—	—
— vega	27	—	—
— flugvalla	10	—	—

Hins vegar fengust ekki neinar nánari skýringar í þessu máli, þó að óskað væri eftir þeim í fjárhagsnefndinni. T. d. var um það spurt, hvort lánin til hafnargerða færu eingöngu til landshafna, eða að einhverju leyti til annarra hafna og þá hverra. Einnig var spurt um það, til hvaða vegaframkvæmda væri áformað að veita 27 millj. kr. lán, en ríkisstjórnin hefur nú lagt fram á Alþingi sérstakt lagafrv. um lántökur til vegaframkvæmda. Við þessum spurningum fengust engin svör. Teljum við þó, að fjárhagsnefnd hefði átt að fá slíkar upplýsingar um ráðstöfun á eftirstöðvum af láninu frá í nóvember og hinu nýja væntanlega láni.

Einnig var þess óskað, að áðurnefnd framkvæmdaáætlun yrði lögð fram í fjárhagsnefndinni, en því var neitað.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sem áformað er að gefa út skv. frv., eiga að vera skattfrjáls og undanþegin framtalsskyldu. En til þess að gera skattayfirvöldum auðveldara að fylgjast með framtölum manna og koma í veg fyrir skattsvik, teljum við, að setja þurfi það ákvæði í lög, að skuldabréfin og spariskírteinin skuli skráð á nöfn eigenda. Flytjum við brtt. um það.

Samkvæmt framansögðu flytjum við, ásamt hv. 5. þm. Austurlands, 2 brtt. á sérstöku þingskjali, í fyrsta lagi um, að ríkisskuldabréfin og spariskírteinin skuli skráð á nöfn eigenda, og í öðru lagi um, að ekki skuli aukið við bundnar innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum eftir 1. júlí næstkomandi.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Einar Ágústsson, Skúli Guðmundsson.
frsm.